

Selfossi, 11. nóvember 2024

2406306

Landsnet hf.

Gylfaflöt 9

112 Reykjavík

kt:580804-2410

Framkvæmdaleyfi

Framkvæmdaleyfisumsókn – SE1 – Jarðstrengur Landsnets Austan Selfoss (breyting á Selfosslinu 1)

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða lagningu 66/132kV jarðstrengs í stað Selfosslinu 1, sem er 66 kV loftlína austan við Selfoss, vegna vegagerðar fyrir nýja Ölfusárbrú. Jarðstrengurinn í Selfosslinu 1 mun liggja til austurs, (sunnan Austurvegar) frá tengivirkinu á Selfossi og þvera Gaulverjabærarveg sunnan hringtorgs og Suðurlandsveg og austan þess. Strengurinn er innan sveitarfélagamarka Flóahrepps frá hringtorginu. Leiðin liggur meðfram lóðarmörkum norðan Suðurlandsvegar og síðan samhliða nýja veginum að vestanverðu. Áður en komið er að Laugardælavegi er vegstæði nýja vegarins þverað við stofnlagnir hitaveitu, en er svo þveraður austan við þann stað þar sem hann fer í undirgöngum undir nýja veginn. Nýja veginum er svo fylgt að austanverðu um Moshólshaga að golfvellinum og mastri 114 í Selfosslinu 1. Sá hluti sem fellur innan Árborgar nær austur fyrir hringtorg austan Selfoss, en þar eru mörk milli Árborgar og Flóahrepps. Áætluð lengd jarðstrengs er 3 km, eða samtals 1,5 km að lengd að mastri 114, þarf er um 1,1 km í Flóahreppi og tæpir 0,4 km í Árborg.

Fyrirhugað er að hefja jarðvinnu og lagningu þessa strengs haustið 2024 og er áætlað að framkvæmdir taki um two mánuði. Framkvæmdaleyfið er í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 og Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, þar sem gert er ráð fyrir fyrirhugðum breytingum á Selfosslinu 1. Breytingarnar tóku gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 3.10.2024 (Árborg) og 4.11.2024 (Flóahreppur).

Áætluð lega strengs mun ekki trufla uppbyggingu annarra mannvirkja skv. deiliskipulagi, en verður strenglegunni bætt inn á skipulag á þeim stöðum sem við á eftir þörfum í samráði við sveitarfélagið.

Framkvæmdin er ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu 21.5.2024. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Vegagerðin gáfu umsögn um framkvæmdina í því ferli.

Endanleg lega strengsins innan þéttbýlisins á Selfossi getur hugsanlega hliðrast óverulega til. Framkvæmdaraðili telur að þó strengleið hnikist að einhverju leiti innan þéttbýlisins muni það ekki breyta umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, enda allt raskað land.

Lýsing framkvæmdar kafli 2:

Jarðstrengurinn í Selfosslinu 1, mun liggja til austurs frá tengivirkinu á Selfossi og þvera Gaulverjabærarveg sunnan hringtorgs og Suðurlandsveg strax austan þess. Frá hringtorginu er strengurinn komin í Flóahrep. Norðan Suðurlandsvegar liggur leiðin meðfram lóðarmörkum og síðan samhliða nýja veginum að vestanverðu. Vegstæði nýja vegarins er þverað við stofnlagnir hitaveitu, áður en komið er að Laugardælavegi, en hann er svo þveraður austan við þann stað þar sem hann fer í undirgöngum undir nýja veginn. Nýja veginum er svo fylgt að austanverðu um Moshólshaga að

Skipulags- og byggingardeild

golfvellinum og mastri 114 í Selfosslínus 1. Strengurinn verður samtals um 1,5 km að lengd að mastri 114, þar af er um 1,1 km í Flóahreppi og tæpir 0,4 km í Árborg.
Mynd 1 sýnir áætlað framkvæmdasvæði og legu nýja strenglutans í SE1.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu. Jarðstrengsleiðin er sýnd með blárrí brotalínu.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar Eflu dags júní 2024, um Selfosslínus I, Lagning jarðstrengs austan Selfoss (Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis), og sérstaklega kafla 2. Lýsing framkvæmdar og kafla 3. Öryggis-Heilbrigðis- og Umhverfisáætlun, auk þeirra skýringateikninga sem fylgja með í viðauka

Texti úr mati Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum:

Grafir verða 80 cm breiðir skurðir sem verða um 125 cm djúpir. Uppgrafið efni verður notað sem yfirfylling en ónothæft efni verður fjarlægt. Yfir strenginn verður lagður hlífðarborði og strengir merktir með viðvörunarborðum neðan yfirborðs og með stíkum á yfirborði. Í botn strengskurðar verður á köflum lagður jarðvír úr kopar og í skurðinn verður einnig lagt ídráttarrör fyrir ljósleiðara (fjarskirparör). Strengurinn mun að stærstum hluta liggja meðfram vegkörtum og á þegar röskuðu svæði og verður reynt að halda slóðagerð í lágmarki. Jarðstrengurinn þarf að þvera Austurveg innan bæjarmarka Selfoss og nýjan Suðurlandsveg og verða framkvæmdir við þverun unnar í samstarfi við Vegagerðina. Efnispörf vegna framkvæmdarinnar er tvíþætt, annars vegar strengjasandur í skurði og hins vegar efni í vegslóða og plón. Áætlað er að það þurfi um 3.500 m³ af aðfluttum varmaleiðandi sandi til að sanda meðfram strengjunum. Fyrir slóðagerð verður efni fengið úr námum sem eru í rekstri í grennd við framkvæmdasvæðið en eins og hefur komið verður slóðagerð haldið í lágmarki. Helgunarsvæði jarðstrengsins eru samtals 10 metrar, þar sem annars vegar er 4 m öryggissvæði þar sem

Skipulags- og byggingardeild

ríkir byggingarbann og ekki er heimilt að planta gróðri og hins vegar 3 m athafnasvæði sitthvoru megin við öryggissvæðið þar sem framkvæmdir og gróðursetning er háð leyfi Landsnets (sjá mynd 2).

Í framhaldi af lagningu jarðstrengsins er fyrirhugað að taka niður Selfosslínu 1 frá endamastri nr. 122 á Selfossi að mastri nr. 99 við Hellisskógi (sjá mynd 3). Gert er ráð fyrir að leggja strenginn í 3 tveimur áföngum og að sá fyrri, strenglögnum frá tengivirkni að mastri nr. 114 hefjist síðla sumars 2024 og ljúki seinna um haustið. Seinni áfanginn, strenglögnum yfir Ölfusá að mastri 99 vestan Ölfusár fylgir framkvæmdum við nýjan Suðurlandsveg og nýrri brú yfir Ölfusá, sem ætti að geta farið fram árið 2026.

Við frágang að framkvæmdum loknum verður gengið frá yfirborði lands, umframefni jafnað út og tól og tæki flutt á brott, stærstur hluti strengleiðarinnar er í vegkanti og því ekki gert ráð fyrir endurheimt gróðurs heldur fyllt upp í skurðinn með fyrri jarðveg þar sem það er hægt og gengið frá eins vel og kostur er.

Í niðurstöðu mats Skipulagsstofnunar eru eftirfarandi atriði tiltekin er varðar eðli, staðsetningu og eiginlega hugsanlegra áhrifa vegna framkvæmdarinnar:

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki umfangsmikil og er framkvæmdasvæðið nú þegar raskað að miklu leyti. Auk þess verður hluti strengsins lagður í næsta nágrenni við rasksvæði vegna nýs Suðurlandsvegar sunnan Ölfusárs. Áhrif framkvæmdarinnar verða fyrst og fremst af völdum rasks á gróðri og búsvæðum fugla en með þeim mótvægiságerðum sem framkvæmdaraðili kynnir verði áhrif á gróður og fugla takmörkuð. Með niðurrifi númerandi loftlinuhluta Selfosslínu 1 á þessum 3 km kafla verður dregið úr áflugshættu fugla en Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands um að forðast eigi framkvæmdir á varptíma fugla. Stofnunin telur að með góðum frágangi og með því að halda slóðagerð í lágmarki eru líkur á að ummerki um jarðstrengslagningu verði horfin að nokkrum árum liðnum. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum

Málsmeðferð umsóknar var eftirfarandi:

Bókun skipulagsnefndar Árborgar 8.7.2024:

Efla verkfræðistofa, f.h. Landnets, leggur fram ósk um framkvæmdaleyfi vegna 66/132kV jarðstrengs í stað Selfosslínu 1, sem er 66kV loftlína austan Selfoss, vegna vegagerðar fyrir nýja Ölfusárbrú. Strenglutinn mun ná frá tengivirkni austast í bænum og að mastri 114 sem staðsett er á golfvelli austan við nýja veginn. Sá hluti sem fellur innan Árborgar nær austur fyrir hringtorg austan Selfoss, en þar eru mörk milli Árborgar og Flóahrepps. Verkið verður unnið ásamt verkefni Landsnets við Rimakotslínu 2. Stefnt er á að hefja jarðvinnu og lagningu þessa strengs haustið 2024 og að framkvæmdir taki um 2 mánuði. Óskað er eftir því að sveitarfélöginn vinni að afgreiðslu framkvæmdaleyfisumsóknar samhliða því að málsmeðferð aðalskipulagsbreytinga klárist. Bókun Skipulags- og byggingarnefndar dags. 8.7.2024

Skipulagsnefnd samþykkir umsókn um framkvæmdaleyfi með fyrirvara um að aðalskipulagsbreyting vegna breytingar á legu strengs, verði samþykkt og birt í B-deild stjórnartíðinda. Skipulagsnefnd leggur til við Bæjarráð Árborgar að umsókn verði samþykkt með ofangreindum fyrirvara, og skipulagsfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Bókun Bæjarráðs Árborgar dags. 11.7.2024:

Tillaga frá 31. fundi skipulagsnefndar, frá 8. júní, liður 7. Efla verkfræðistofa, f.h. Landnets, leggur fram ósk um framkvæmdaleyfi vegna 66/132kV jarðstrengs í stað Selfosslínu 1, sem er 66kV loftlína austan Selfoss, vegna vegagerðar fyrir nýja Ölfusárbrú. Strenglutinn mun ná frá tengivirkni austast í bænum og að mastri 114 sem staðsett er á golfvelli austan við nýja veginn. Sá hluti sem fellur innan Árborgar nær austur fyrir hringtorg austan Selfoss, en þar eru mörk milli Árborgar og Flóahrepps.

Skipulags- og byggingardeild

Verkið verður unnið ásamt verkefni Landsnets við Rimakotslinu 2. Stefnt er á að hefja jarðvinnu og lagningu þessa strengs haustið 2024 og að framkvæmdir takí um 2 mánuði. Óskað er eftir því að sveitarfélöginn vinni að afgreiðslu framkvæmdaleyfisumsóknar samhliða því að málsmæðferð aðalskipulagsbreytinga klárist. Skipulagsnefnd samþykkir umsókn um framkvæmdaleyfi með fyrirvara um að aðalskipulagsbreyting vegna breytingar á legu strengs, verði samþykkt og birt í B-deild stjórnartíðinda. Skipulagsnefnd leggur til við Bæjarráð Árborgar að umsókn verði samþykkt með ofangreindum fyrirvara, og skipulagsfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Bæjarráð samþykkir samhljóða tillögu skipulagsnefndar, með sömu fyrirvörum og fram koma i bókun nefndarinnar, um framkvæmdaleyfi vegna 66/132kV jarðstrengs í stað Selfosslinu 1, sem er 66kV loftilína austan Selfoss, vegna vegagerðar fyrir nýja Ölfusárbrú. Bæjarráð felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Fylgiskjöl með framkvæmdaleyfi:

1. Umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi, dags. 19. júní 2024
 2. Greinargerð Eflu vegna útgáfu framkvæmdaleyfi, dags. 1. júní 2024
 3. Teikningar og yfirlitsmyndir af framkvæmd.
 4. Greinargerð með fyrirspurn um matsskyldu, dags. 8. apríl 2003.
 5. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu verkefnisins frá 21. maí 2024.
-

Ef umfang eftirlits á framkvæmdatíma reynist vera meira en áætlað er við útgáfu framkvæmdaleyfis áskilur embætti skipulagsfulltrúa sér rétt til að krefjast viðbótargreiðslu framkvæmdaleyfisgjalds. Upphæð þeirrar viðbótargreiðslu skal nema þeim kostnaði sem embættið ber af vinnu við eftirlit umfram áætlun við útgáfu leyfisins.

Framkvæmdaleyf þetta er gefið út í samræmi við gögn er fylgdu umsókn.

Framkvæmdaleyfisgjald með heimild í 13. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, er innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá skipulagsfulltrúa 2024, sem er 200.000-

Framkvæmdaleyfi þetta er gefið út með tilvísun í 13. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Leyfið fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá dagsetningu þess. Tilkynna þarf skipulagsfulltrúa um upphaf framkvæmda og þegar þeim líkur.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfallst,

Skipulagsfulltrúi
Sveitarfélagið Árborg


Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi